

um frv. til l. um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Ég tel ekki rétt að samþykkja þetta frumvarp í heild, eins og það liggur fyrir. Legg til, að 5. grein þess verði felld niður.

Frumvarpið er frá 1. gr. aftur að 5. gr. runa af gömlum heimildum til hækkunar á gjöldum til ríkissjóðs. Þessar heimildir hafa að undanförunu verið veittar frá ári til árs með framlengingu laga. Þær eru því orðnar samgrónar efnahagslífínu. Enginn grundvöllur virðist vera — eins og sakir standa — til að fella niður þessar heimildir eða lækka þær. Ég mæli þess vegna með samþykkt þeirra.

Ekkert hef ég að athuga við það, þó að í þessa varanlegu heimildalest verði — eins og 4. gr. frv. gerir ráð fyrir — flutt heimild, sem nú er í lögum nr. 79 1960, til að fella niður aðflutningsgjöld af nokkrum nauðsynjavörum.

Hins vegar er ég mótfallinn 5. gr. frumvarpsins og tel, að hana eiga að nema brott úr frumvarpinu.

Greinin er um að tengja við hina árvissu lest framlengingarheimilda „ákvæði um 8% viðbótarsöluskatt á innfluttum vörum í a-lið bráðabirgðaákvæða við lög nr. 10 1960, um söluskatt.“

Þessi viðbótarsöluskattur á upptök sín í hinum svonefndu „viðreisnar“-tilþrifum núverandi ríkisstjórnar.

Í greinargerð fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 1960 sagði ríkisstjórnin:

„Ekki er áformað að breyta núgildandi söluskatti á innflutningi.“

Þetta tilkynnti ríkisstjórnin öllum landslýð í sinni hvítu bók: „Viðreisn“, sem var með skjaldarmerki Íslands til staðfestingar öllu, er þar stóð.

Að lítilli stundu liðinni frá útgáfu og útsendingu bókarinnar lagði stjórnin þó fram frumvarp um viðbótarsöluskatt á innflutningi og sagði þá, að meðal annars vegna þess, að hinn almenni 3% síðasta-sölustigs-skattur kæmi ekki til framkvæmda fyrr en fjórðungur ársins 1960 væri liðinn, hrykki sá almenni skattur ekki á því ári til að gefa þær tekjur, sem gert hefði verið ráð fyrir. Þess vegna hafi „verið horfið að því til bráðabirgða að afla þess, er á vantar, með viðbótarsöluskatti á innfluttar vörur“, og sé lagt til, að sú hækkun gildi til ársloka 1960.

Hér var í framkvæmd um að ræða 8.8% hækkun á innflutningssöluskattinum. Sá skattur varð því í heild 16.5%.

Þarna var ein fyrsta reikningsσκεkkjan hjá ríkisstjórninni og ráðunautum hennar að sýna sig. Þær byrjuðu snemma að skjóta upp kollinum!

Á þessum tíma taldi samt stjórnin og stuðningslið hennar, að hið „þaulhugsaða viðreisnarkerfi“ sitt hlyti í árslok 1960 að verða búið að skapa skilyrði til, að fella mætti viðbótarsöluskatt þennan niður.

Árið 1960 var norskur sérfræðingur, Per Dragland, fenginn til landsins til þess að athuga efnahagsmálin. Hann sagði í skýrslu, sem hann samdi og gefin var út í stjórnarblöðunum:

„Er hækkun söluskatts á innflutningi úr 7.7% í 16.5% skoðuð sem bráðabirgðaráðstöfun. Þegar hægt verður að lækka skattinn aftur, mun það eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið, hafa í för með sér 3% sparnað fyrir vísitölufjölskylduna.“

Þarna er upplýst, að útlenda sérfræðingnum er sagt, að söluskattsviðbótina beri að skoða „sem bráðabirgðaráðstöfun“. Enn fremur, að hann metur hækkunina 3% afkomuskerðingu fyrir vísitölufjölskyldu. Hér er því ekki um smámuni að ræða fyrir almenning.

Í árslok 1960 bitu stjórnarflokkarnir á jaxlinn og framlengdu viðbótarsöluskattinn fyrir árið 1961, hvað sem aðrir sögðu.

Nú ætlar ríkisstjórnin að framlengja enn þessa skatthækkun. En hún ætlar að gera það á þann hátt að krækja þessum hvímléiða vagni vonbrigða sinna aftan í lest hinna árlegu framlenginga, til þess að minna beri á honum en ella eftirleiðis.

Með þessu viðurkennir ríkisstjórnin að visu, að áætlanir sínar hafi ekki staðizt og trúin hjá sér á „viðreisnarkerfið“ hafi bilað. En ég álít, að ekki sé rétt að láta ríkisstjórnina sleppa svona létt frá því að draga vagninn. Ég tel, að hún eigi fram á sinn lokadag að hafa framlengingu þessa sérstaka til að fást við í lögunum um söluskatt. Með því móti man hún og aðrir hlutaðeigendur betur, að þetta er liður, sem upp á hana stendur að fella niður.

Ég legg til, eins og áður er fram tekið, að 5. gr. frumvarps þessa verði felld, en það að öðru leyti samþykkt.

Alþingi, 29. okt. 1961.

Karl Kristjánsson.